

(B. XV, 1).

Nd.

39. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsmenn: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Við 7. gr.

Á eftir fyrri hluta greinarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að skifta hreppi í tvær kjördeildir; ákveður hún þá kjörstað og skipar sjerstaka undirkjörstjórn fyrir aðra deildina; undirkjörstjórnin velur sjer formann og skiftir með sjer störfum. Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi yfirkjörstjórn, er slík skifting hefir farið fram.

2. gr.

Við 9. gr.

Á eftir »bæjarstjórn« bætist inn í: eða sveitarstjórn.

Á eftir »kaupstað« bætist inn í: eða hreppi.

3. gr.

Við 20. gr.

Fyrir » $\frac{1}{2}$ cm.« í síðari hluta greinarinnar komi: 1 cm.

4. gr.

Við 23. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« komi: laugardagurinn í 10. viku sumars.

5. gr.

Við 33. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer hann með kjörseðilinn inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og markar kross, rjettan kross eða skákross, í reitinn, sem er framan við nafn þess, eða nöfn þeirra — ef fleiri en einn á að kjósa — sem kjósandi vill greiða atkvæði, með blýanti, er kjörstjórnin leggur til, og skal kjörstjórnin sjá um, að hann sje hæfilega yddur. Að því loknu leggur kjósandi seðilinn saman í sama brot, sem hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegn um rifuna á lokinu, og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum stendur.

Yfirkjörstjórnir skulu jafnan, er kosningar eiga að fara fram, senda undirkjörstjórnnum hæfilega marga samskonar blýanta til notkunar við kosningarnar.

6. gr.

Við 36. gr.

Engin merki má gera á seðilinn önnur en krossinn í auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik nje önnur slik einkenni, er gert geti seðilinn þekktanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slik merki á seðli við atkvæðatalningu á eftir, er sá seðill ógildur.

7. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á kosningalögum, skal færa inn í texta laga nr. 28, 3. nóv. 1915, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

Greinargerð.

Breytingar þær á kosningalögum, sem hjer er lagt til að gerðar verði, hníga að því, að gera kjósendum auðveldara að neyta kosningarrjettar síns, án þess þó að raska í verulegum atriðum grundvelli hinna gildandi kosningalaga.

Einn óveðursdagur á hausti getur nær því svift kjósendur í sveitum kosningarjetti sínum, enda nær alt af örðugt fyrir mikinn hluta kjósenda að sækja kjörfund á haustdag svo seint.

Þá er og lagt til að nota sömu kjörgögn við almennu kosningarnar eins og við landskjörið. Það veldur óvissu hjá kjósendum, að nota sín kjörgögnin við hvorar kosningarnar, enda geta stimplarnir auðveldlega bilað, og þá er örðugt úr að bæta.

Kjósendum í viðlendum hreppum er mjög örðugt og oft nær ókleift að sækja kosningu á einn stað innanhrepps. Virðist ekki síður ástæða til, að skifta megi hreppum í kjördeildir en bæjum, enda ekki sjáanlega neinum verulegum annmörkum háð.